



PVS2A05 Plastviðgerðir og smíði

Námsáætlun, haustönn 2023

Kennari/kennarar:

Elvar Smári Jónsson

Netfang/netföng:

elvar.jonsson@borgo.is

Lýsing:

Farið er yfir efnauppbyggingu hitaþrastra og hitadeigra plastefna. Æfðar greiningar á plastefnum. Æfðar ýmsar suðuaðferðir og límingar jafnhliða greiningu bæði á nýju efni og ökutækjahlutum. Farið verður yfir mótun og smíði hitaþrastra plastefna. Mótaðir eru hlutir úr trefjaplasi og framkvæmdar eru viðgerðir á þeim hlutum eftir mótun. Fjallað er um hættur á reyk og uppgufun hættulegra efna í plastviðgerðum. Einnig farið yfir notkun plastheftara til viðgerða á plasti.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið; nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- efnauppbyggingu hitaþrastra og hitadeigra plastefna
- möguleikum við mótun plastefna við smíði hluta í yfirbyggingar ökutækja
- hættum af reyk og uppgufun efna í plastviðgerðum
- Mismunandi viðgerða ferla eftir plast tegundum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina mismunandi gerðir plastefna
- Bræða saman mismunandi gerðir plastefna með heitu lofti og rafhitun
- Líma saman ýmsar plast tegundir
- Hefta saman plast
- Móta trefjaplast og framkvæma viðgerðir á því

Nemandi skal hafa öðlast hæfni í að :

- Lýsa efnauppbyggingu plastefna
- Greina plastefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda
- Velja viðgerðaraðferð eftir eðli efnisins
- Þekkja mismunandi viðgerða aðferðir plastefna
- Þekkja notkun plastheftara
- Móta hluti úr trefjaplasi og framkvæma viðgerðir á þeim

Námsmat:

Skriflegt mat 30% : Nemandi skilar inn skýrslu og verkefni á innu.

Veklegt mat 60% : hér er metið hversu vel nemandi innir öllum sínum verkefnum af hendi. Mats þættir eru td. Greining á plasti, Skurðir, suður, Límingar, slípun, spörsln, munstrun og frágangur fyrir grunn.

Þáttaka og Virkni 10% : Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtaksemi, áhugasemi og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara.

Námsgögn:

Kennari úrvegar þau.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur verða að skila inn öllum námsþáttum til að eiga möguleika á að standast áfangann. Ekki er hægt að skila inn verkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

Nemendur verða að fá að lámaki 4,5 í öllum verkefnum til að standast áfangann

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi hlífðarfatnað eins og skólafatnað, öryggisskó, hitapolna, hanska, og búnað sem til þarf.

Nemendur yfirgefa ekki kennslusvæði nema með leyfi kennara.

Vika	Dagur	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	1		Kynning á áfanga og námsefni verkefni valin og skipulögð	
	2		Greining á plasti, skýrsla um greiningu.	
	3		Greining á plasti, skýrsla um greiningu.	
	4		Verklegar æfingar plast suða / verkefni á innu	
	5		Verklegar æfingar plast suða / verkefni á innu	
2	6		Verklegt verkefni plast suða / verkefni á innu	
	7		Verklegt verkefni plast suða / verkefni á innu	
	8		Verklegt verkefni spöslun / verkefni á innu	
	9		Verklegt verkefni munstrun / verkefni á innu	
	10		Verklegt verkefni trefjaplast / verkefni á innu	
3	11		Verklegt verkefni trefjaplast / verkefni á innu/	
	12		Verklegt verkefni líming / verkefni á innu	
	13		Verklegt verkefni ljós, líming / verkefni á innu /	
	14		Verklegt verkefni ljós / verkefni á innu	
	15		Verkefna skil og verkleg verkefni metinn með kennara.	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.